

HJÚKRUN 1036

Lokapróf

Prófið er á 11 blaðsíðum (auk forsíðu)

Prófið gildir 50% af lokaekunn áfangans

Nafn: _____

Kennitala: _____

Kennari: Helga S. Helgadóttir

PRÓFDAGUR: Mánudagurinn 11. desember, 2006

PRÓFTÍMI: 10.15 – 11.45 (ein og hálf klukkustund)

HJÁLPARGÖGN: Hitablað og litapennar

EINKUNN: _____

Gangi þér vel

KROSSASPURNINGAR. 20%.

Athugið að aðeins eitt svar er rétt. Ef krossað er við tvö eða fleiri atriði, ógildir það svarið

1. Florence Nightingale

- var mjög trúuð
- tókst að lækka dánartíðni hermanna í Krímstríðinu
- var af fátæku fólki komin
- var drykkfelld á yngri árum

2. Huglæg einkenni eru þau sem

- hjúkrunarfólk tjáir sig um
- sjúklingur tjáir sig um
- hjúkrunarfólk sér og getur mælt
- eru krónísk

3. Púlshraði breytist við

- aldur
- verki
- hita
- allt ofangreint er rétt

4. Svefnleysi

- veldur oft sjúkdómum
- veldur oft lysterleysi
- hindrar bata sjúklings
- hindrar hreyfigetu sjúklings

5. Verkir

- eru alltaf af líkamlegum toga
- eru alltaf tengdir sorg og hræðslu
- hafa aldrei líkamlega orsök
- eru oft bæði af líkamlegum og andlegum toga

6. Virgina Hendersons

- fjallaði um grunnþarfir sjúklinga.
- gerði mælieiningu fyrir gæði hjúkrunar
- fjallaði mikið um verkjaþröskuld
- fjallaði um dauðastríð sjúklinga.

7. Þættir sem geta haft áhrif á öndun eru

- aldur sjúklings
- líkamleg áreynsla
- sjúkdómar
- allt ofangreint er rétt

8. Langvarandi rúmlega

- hvílir sjúkling vel
- endurnærir vöðva og bein
- hægir á blóðflæði um líkamann
- bætir blóðflæði í fótum

9. Nákvæmast er að mæla hita

- axillert
- ödemalt
- oralt
- rectalt

10. Fyrir sjúkling með öndunarerfiðleika er mikilvægast að

- sitja í rúminu og hafa gott loft á sjúkrastofunni
- liggja á hlið með góðan stuðning við bak
- hafa eggjadýnu í rúminu
- hafa gálga í rúminu

11. Þú observerar eftirfarandi þegar þú ert að telja púlsinn

- þrýsting
- sveigjanleika
- takt og styrk
- spennu

12. Eðlilegur uppgangur er

- hvítur og þykkur
- gulur og vatnspunnur
- glær og vatnspunnur
- grár og þykkur

13. Hrákaprúfur á alltaf að taka

- á kvöldin
- áður en sjúklingur borðar
- eftir að sjúklingur borðar
- eftir að sjúklingur hefur fengið öndunarlyf

14. Varmatap verður aðallega

- við uppgufun vatns af húðinni (svita)
- með innöndunarlofti
- við rúmlegu
- ekkert ofantalið er rétt

15. Systólískur þrýstingur er

- efri mörk blóðþrýstings
- neðri mörk blóðþrýstings
- enginn þrýstingur í æðunum
- blóðþrýstingsfall

16. Líkaminn getur misst of mikinn vökva við

- sóthhita
- hægðatregðu
- hreyfingarleysi
- allt ofangreint er rétt

17. Ef sonda liggur ekki á réttum stað eru fyrstu einkenni oftast

- hósti
- uppköst
- magaverkir
- hiti

18. Tíðni hægðalosunar getur verið háð

- sóthhita
- öndun
- hreyfingu
- þvaglátum

19. Almenn þvagrannsókn getur leitt í ljós

- hvaða bakteríur eru í þvagini
- hvort það eru bakteríur í þvagini
- hvaða lyf virka á bakteríurnar
- hversu margar bakteríur eru í þvagini

20. Einkenni dehydrationar geta verið:

- þorsti
- minnkaður teygjanleiki í húð
- minnkaður þvagútskilnaður
- allt ofangreint er rétt

SKRÁNING Á HITABLAÐ. 10%.

Færið eftirfarandi tölur á hitablaðið sem fylgir prófinu. Ath. munið að merkja ykkur hitablaðið. **Skráið með réttum lit.**

Dagsetning:	blóðþrýstingur	púls	hiti
1/12 kl. 06	180/90	60	36° C
2/12 kl. 12	145/75	80	38.5° C
3/12 kl. 06	110/70	70	37.2° C
3/12 kl. 22	150/80	100	39° C

PÖRUN. 15%.

Skrifið viðeigandi tölustaf á línuna, eftir því sem við á. Athugið að 2 atriði eru afgangs.

- | | | |
|-----------------------------|-------|--------------------|
| 1. trombus | _____ | með orðum |
| 2. decubitus | _____ | of hægur púls |
| 3. osteoporosis | _____ | blóðtappi |
| 4. ureter | _____ | skýrslugerð |
| 5. urethra | _____ | legusár |
| 6. bradycardi | _____ | beinþynning |
| 7. acut | _____ | liðkreppa |
| 8. tachycardi | _____ | þvagleiðari |
| 9. kontraktur | _____ | þvagrás |
| 10. diastoliskur þrýstingur | _____ | bjúgur |
| 11. verbal | _____ | blámi |
| 12. rapport | _____ | brátt |
| 13. necrosis | _____ | öndunarerfiðleikar |
| 14. ödem | _____ | of hraður púls |
| 15. dyspnoe | _____ | neðri mörk |
| | _____ | efri mörk |
| | _____ | drep |

FULLYRÐINGAR. 10%

Skrifið satt (S) eða ósatt (Ó) fyrir framan fullyrðingarnar, eftir því sem við á.

1. _____ Bráða innlagnir fara eingöngu í gegnum bráðamóttökur
2. _____ Púls er bylgjuhreyfing í slagæðum sem kemur fram þegar hjartað dregst saman og þrýstir blóði út í slagæðarnar

3. _____ Systólískur blóðþrýstingur er þrýstingur blóðsins á æðaveggina í hvert skipti sem hjartað dregst saman
4. _____ Reykingar geta hækkað blóðþrýsting
5. _____ Eðlileg öndunartíðni á mínútu hjá fullorðnum er 12-20 sinnum
6. _____ Ávallt skal telja púls í eina mínútu
7. _____ Besta staðan fyrir sjúkraliðann þegar hann er að tala við sjúkling er við rúngaflinn
8. _____ Líkamshiti er m.a. háður ytri þáttum eins og klæðnaði og hitastigi umhverfisins
9. _____ Eðlilegur púls hjá fullorðnum er 100-110 slög á mínútu
10. _____ Ástand tanna getur haft áhrif á næringarástand einstaklinga

BEINAR SPURNINGAR. 43%

1. (2%)

Talað er um að sjúklingar missi nokkuð af sjálfstæði sínu við það að leggjast inn á sjúkrahús. Hvað er átt við með því?

2. (3%)

Nefndu þrjú dæmi um það sem getur truflað svefn sjúklinga á sjúkrahúsum.

3 (5%)

a) Hvernig er hægt að meta verki og hvaða „verkfæri“ eru notuð til þess?

b) Hvað geta sjúkraliðar gert til að draga úr verkjum sjúklinga?

4. 2%

Af hverju er handþvottur mikilvægur m.t.t. umönnunar sjúkra?

5. 4%

Hjúkrun getur verið með ýmsum hætti. Nefnið 3 mismunandi hjúkrunarform og hvað felst í hverju fyrir sig í grófum dráttum?

6. 5%

Jóna er búin að liggja lengi lasin á sjúkrahúsi. Þú kemur á vakt eftir viku frí og tekur þá eftir því að hún er komin með legusár á báðar rasskinnarnar.

- a) Hverjar gætu verið orsakir legusáranna og
- b) Hvaða hjálpartæki gætir þú notað við að græða sárið?

7. 6%

a) Hvaða staðir líkamans eru útsettir fyrir legusár. Nefnið 4 staði.

b) Hver eru einkenni legusára?

8. 5%

a) Hver er tilgangur munnhirðu?

b) Til hvers er Oxydol notað?

c) Hvaða sjúklingar þurfa á sérstakri munnhirðu að halda?.

9. 3%

Ásdís er búin að liggja lengi á deildinni sem þú ert að vinna á. Hún er á rúmlegu en hefur leyfi til að fara á WC. Þú veist að rúmlega er áhættuþáttur blóðtappamyndunar.

Hvernig getur þú reynt að koma í veg fyrir að hún fái blóðtappa ?

10. (2%)

Blámi er einkenni sem sést stundum hjá þeim sem eru með öndunarfærasjúkdóma.

Af hverju kemur blámi og hvar kemur hann fyrst fram ?

11. 3%

Hvernig á að hjúkra sjúkling með háan hita? En köldu? Hver eru einkenni köldu?

13. 3%

Gunnar er búinn að vera með niðurgang í fimm daga. Hvaða atriði þarft þú að observera hjá honum ?

Takk kærlega fyrir veturinn
og
Gleðileg jól